

# **SJÓVARNARGARÐUR OG EFNISTAKA Á SIGLUNESI Í FJALLABYGGÐ**

## **Ákvörðun um matsskyldu**

### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að að gerð tveggja sjóvarnargarða í fjörunni á Siglunesi og grjótnám sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði ekki veruleg. Umfang framkvæmdanna er lítið og þess verður gætt að efnisnám og tilfærsla efnis fari fram þegar frost er í jörðu til þess að lágmarka rask og að ráðist verði strax að verki loknu í frágang á grjótnámssvæði. Einnig verði farið eftir tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um aðgát við flutning efnis, ekki verði farið utan vegslóða og allar fornleifar verða rækilega merktar til að koma í veg fyrir rask af vangá.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjallabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023 eða staðfest nýtt skipulag Fjallabyggðar 2008-2028 sem er í vinnslu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. mars 2010.

28. janúar 2010

## INNGANGUR

Þann 14. desember 2009 tilkynntu Fjallabyggð og Siglingastofnun gerð sjóvarnargarðs og efnistöku á Siglunesi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 i í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjallabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjallabyggð með bréfi dags. 5. janúar 2010, Fornleifavernd ríkisins, með bréfum dags. 18. desember 2009 og 4. janúar 2010, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 19. janúar 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. janúar 2010.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 21. desember 2009 og bréfum dags 20. og 28. janúar 2010.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða gerð tveggja, alls 80 m langra sjóvarnargarða ásamt allt að 1.600 m<sup>3</sup> efnistöku á um 5000 m<sup>2</sup> svæði. Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að sjóvarnargörðunum sé ætlað að verja tvö mannvirki, fiskverkunarhús og frístundahús, sem hætta sé á að getið orðið fyrir tjóni af völdum sjógangs og verði varnargarðarnir reistir framan við hvort húsið. Verðmæti í fiskverkunarhúsinu byggi á sögulegum tengslum við útgerðina sem hafi verið grundvöllur byggðar á fyrri tímum. Sagan og stórbrotið landslag á Siglunesi þykir eftirsóknarvert og gæti uppbygging skipulagðs frístundasvæðis styrkt söguleg og umhverfisleg verðmæti svæðisins sem og ferðaþjónustu.

Fram kemur að garðarnir verði byggðir þannig að grjóti verður hlaðið í fjörunni upp að landhæð þar sem landrofið á sér stað. Kóti lands og fyrirhugaðra garða er sá sami eða +5,0 m. Fram kemur að við athugun virðast mestar líkur á að unnt verði að nýta stórgrýti í garðana úr framhlaupi sem fallið hafi úr Nesnúp upp undir Siglunesvita. Frá fyrirhugðum sjóvarnargörðum að efnistökusvæði liggja rúmlega 1 km slóði og verði þunglestuð ökutæki að geta keyrt eftir slóðanum. Hins vegar sé ekki gert ráð fyrir að styrkja þurfi vegslóðann þar sem áætlað sé að ráðast í framkvæmdir á meðan frost sé í jörðu. Fram kemur að varðandi frágang námunnar þá verði svarðlag tekið frá við upphaf vinnslu og lagt í haug til hliðar til síðari nota. Á meðan á vinnslu standi verði efni einnig tekið frá sem verði nýtt við landmótun námunnar og verði leitast við að líkja eftir því landslagi sem sé í nærumhverfinu; í þessu tilfelli framhlaup með smálautum. Að lokum verði svarðlagi dreift yfir raskaða svæðið til þess að freista þess að endurheimta grenndargróður.

**Umhverfisáhrif.** Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á varðveislu fyrrnefndra húsa og þannig óbeint á menningarminjar en aðrar minjar við vegslóða eiga ekki að verða fyrir raski. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan svæðis á náttúruminjaskrá og muni framkvæmdin ekki hafa áhrif á landslagseinkenni svæðisins þó að tímabundinna neikvæðra sjónrænna áhrifa muni gæta vegna röskunar við efnistöku.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að í Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028, sem sé í vinnslu, sé gert ráð fyrir frístundabyggð á Siglunesi.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ

### FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Fjallabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguð mannvirkjagerð muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis á náttúruminjaskrá þar sem umfang mannvirkja og efnisþörf sé fremur lítil. Helstu neikvæð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar geti að mati stofnunarinnar falist í þeirri aðferð sem ætlunin er að nota við efnistöku, þ.e. að tína nothæft grjót úr framhlaupi nærri Siglunesvita. Hins vegar sé hér um lítið magn að ræða í gróinni skriðu sem ætti að vera unnt að ganga vel frá að efnistöku lokinni.

Fram kemur í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra að framkvæmdirnar á Siglunesi séu ýmsum vandkvæðum háðar s.s. flutningi á tækjum en ekki liggi vegur út á nesið og því þurfi vélar, olía, tankar og annað sem fylgir framkvæmdum að koma sjóleiðina. Sömuleiðis sé slóðinn ekki burðugur, sem vélum og þunglestuðum ökutækjum er ætlað að aka eftir að grjótnáminu við Nesnúp og til sjóvarnagarðanna. Neikvæð áhrif framkvæmdanna geti því orðið nokkur ef ekki verði hugað enn frekar að framangreindum þáttum en gert sé í greinargerð framkvæmdaraðila. Fram kemur að Heilbrigðiseftirlitið leggi áherslu á að gerð verði betur grein fyrir framangreindum þáttum, sem geti haft neikvæð áhrif og frágangi athafnasvæðis eftir að framkvæmdum sé lokið og hvort að vegslóðin þoli þunglestuð ökutæki.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að varðandi flutningsleið úr námu þá muni framkvæmdaraðili ganga eftir því við verktaka og fylgja því eftir að efni til sjóvarnagarðsins verði flutt þegar frost sé í jörðu. Framkvæmdaraðili tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í umsögn heilbrigðiseftirlitisins að fullnaðarfrágangur fari strax fram í grjótnáminu þegar framkvæmdum ljúki.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji að færa þurfi staðsetningu fornleifa í nágrenni vegslóðans og á eða í nágrenni fyrirhugaðs efnistökusvæðis inn á kort eða loftmynd, þar sem áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar sé einnig sýnt.

Í svörum framkvæmdaraðila birtist kort sem sýnir staðsetningu fornleifa í nágrenni vegslóðans. Fram kemur að fornleifaskráning hafi farið fram á svæðinu og liggi fyrir ítarlega umfjöllun um fornleifar sem séu staðsettar við fyrirhuguð framkvæmdarsvæði og núverandi vegslóða milli Siglunesvita og fiskvinnsluhúss. Fram komi í fornleifaskráningunni að hætta sé talin á að bæjarhóllinn á Siglunesi geti skemmst vegna vegagerðar. Núverandi vegslóði liggi yfir hólinn til norðausturs aðeins sunnan við miðju hans en ekki sé gert ráð fyrir breytingu á vegslóða vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar þar sem ekki sé þörf á styrkingu vegslóðans ef framkvæmdin fari fram á meðan frost sé í jörðu.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að ljóst sé að fornleifum stafi hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum við gerð sjóvarnargarða á Siglunesi einkum vegna flutnings efnis frá námu að þeim stað þar sem reisa eigi garðana. Fornleifavernd ríkisins telji unnt að fallast á að ekki þurfi að færa vegslóðann frá rústum bæjarhólsins þar sem farið verði um slóðann meðan frost sé í jörðu enda verði þess gætt að ekkert rask verði utan vegslóðans. Gera þurfi verktökum grein fyrir því

að verið sé að aka yfir bæjarhól og að allur akstur utan vegslóðans á þessum stað sé stranglega bannaður. Aðrar fornleifar við vegslóðann þurfi að merkja vel á meðan á framkvæmdum standi. Gera þurfi verktökum ljósa grein fyrir staðsetningu fornleifanna til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Í umsögninni er jafnframt bent á að í nágrenni efnistökusvæðisins séu herminjar sem Fornleifavernd ríkisins telji mikilvægt að ekki verði raskað þó að slíkar minjar teljist ekki til fornleifa þar sem þær hafi ekki náð 100 ára aldri og njóta því ekki verndar þjóðminjalaga.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila er fallist á þær aðgerðir og ráðstafanir sem Fornleifavernd ríkisins tekur fram að gera þurfi.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð tveggja alls um 80 m langra sjóvarnargarða í fjörunni á Siglunesi til varnar tveimur húsum og um 1300 m<sup>3</sup> grjótnám á svæði í um eins km fjarlægð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Um er að ræða framkvæmdir sem ekki eru umfangsmiklar og taka til afmarkaðs svæðis. Skipulagsstofnun telur mikilvægt, m.t.t. áhrif á gróður og ásýnd landsins, að allur grjóttflutningur á milli námu við Siglunesvita og sjóvarnargarða fara fram meðan frost er í jörðu, eins og framkvæmdaraðili hefur lagt ríka áherslu á sjálfur og verði þannig að mestu komið í veg fyrir verulegt rask á landi. Þá telur stofnunin mikilvægt að svarflagi af efnistökusvæðinu verði haldið til haga og sverðinum verði dreift yfir svæðið að efnistöku lokinni til að freista þess að endurheimta grenndargóður. Með þessu fyrirkomulagi og vinnulagi telur stofnunin að neikvæð áhrif á gróður verði ekki veruleg og hugsanleg áhrif á landslag eða ásýnd svæðisins ættu að vera tímabundin.

Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að fornleifum kunni að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum verði ekki rétt staðið að málum við flutning efnis frá efnistökusvæðinu. Fornleifavernd ríkisins hefur lagt til mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hefur samþykkt og felast m.a. í að ekkert rask verði utan vegslóðans þar sem hann liggur um bæjarhólinn og að efnisflutningar fari skilyrðislaust fram um slóðann á meðan frost er í jörðu. Í því samhengi þarf að gera verktökum grein fyrir því að verið sé að aka yfir bæjarhól og að allur akstur utan vegslóðans á þessum stað sé stranglega bannaður. Merkja þarf aðrar fornleifar vel og gera verktökum nákvæma grein fyrir staðsetningu þeirra. Þá hyggst framkvæmdaraðili hafa samráð við bæði Umhverfisstofnun og Fornleifavernd ríkisins um fyrirkomulag við framkvæmdir. Skipulagsstofnun telur að hvað neikvæð áhrif á fornleifar varðar að ef farið verður eftir aðgerðum þeim sem Fornleifavernd ríkisins hefur kynnt og sem framkvæmdaraðili boðar verði þau ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð tveggja sjóvarnargarða í fjörunni á Siglunesi og tilheyrandi grjótnám sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjallabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en

framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023 eða staðfest nýtt skipulag Fjallabyggðar 2008-2028 sem er í vinnslu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. mars 2010.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson